


Lbs 359 NF

Jóhann Einarsson: Einkaskjalasafn. Skrá



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Handritasafn



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

© 2015

Lýsandi samantekt

Varðveislustaður: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn.

Staðsetning: H 37.4

Safnmark: Lbs 359 NF

Skjalamyndari: Jóhann Einarsson (1850–1924)

Titill: Jóhann Einarsson: Einkaskjalasafn

Dagsetning: 1886–1924

Magn: 1 askja

Útdráttur: Skjöl úr fórum Jóhanns Einarssonar, mestmegnis dagbækur og bréf.

Tilvitnun:

Lbs 359 NF. Jóhann Einarsson: Einkaskjalasafn. Varðveisla: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Handritasafn. Arngrímögötu 3. IS 107 Reykjavík.

Samhengi

Nafn skjalamyndara: Jóhann Einarsson (1850–1924)

Lífshlaup og æviatriði: Jóhann var fæddur í Laufási 26. september 1850¹. Foreldrar hans voru Einar Erlendsson (1823–1909) og Sigríður Þorsteinsdóttir (1817–1892). Fjögurra ára gamall fluttist Jóhann með foreldrum sínum að Nesi í Fnjóskadal og þar bjuggu þau í tvö ár og önnur tvö á Fremstafelli í Köldukinn. Síðar bjuggu þau að Hallgilsstöðum og loks á Vatnsenda í Ljósavatnsskarði. Þegar Jóhann var innan við tvítugt var hann einn vetur á Svalbarði í Þistilfirði hjá séra Gunnari Gunnarssyni.

Árið 1877 kvæntist Jóhann Kristínu Salóme Jónsdóttur (1854–1885) og bjuggu þau fyrst í Grjótárgerði í Fnjóskadal og síðar á Víðivöllum í sömu sveit. Meðfram bústörfum stundaði Jóhann kennslustörf um margra ára skeið. Eftir að hann missti konu sína brá Jóhann búi og dvaldi m.a. á Hólum í Hjaltadal einn vetur við kennslustörf.

Árið 1890 hóf Jóhann aftur búskap á Víðivöllum og kvæntist þá Ingibjörgu Jónsdóttur (f. 1852). Með fyrri konu sinni eignaðist Jóhann tvær dætur, Guðrúnu (1878–1960) og Jónasínu (1881–1921) og með seinni konu sinni átti hann tvö börn, Gunnar (1890–1890) og Þorbjörgu (1892–1978).

Jóhann lést 16. febrúar 1924.

Heimildir:
Óðinn, 1927, 7.–12. Tölublað, bls. 81–82.
www.islendingabok.is

Varðveislusaga:

Gögnin voru í förum Vignis Guðmundssonar, fóstursonar Guðrúnar dóttur Jóhanns.

Um afhendingu:

Þann 16. mars 1977 voru dagbækur Jóhanns ásamt bréfasafni Guðrúnar, dóttur hans, afhentar Landsbókasafni. Afhent af Finni Sigmundssyni fyrrverandi landbókaverði, en honum sendi Guðbjörg Vignisdóttir.

Fjórum árum áður, þann 11. apríl 1973, afhenti Vignir Guðmundsson blaðamaður sendibréf (17) frá Jóni Mýrdal rithöfundu til dótturdóttur sinnar, Guðrúnar Jóhannsdóttur (16) og tengdasonar síns, Jóhanns Einarssonar (1). Þegar söfn Guðrúnar og Jóhanns voru sett á safnmörk 2015 voru bréf Jóns til þeirra látin renna inn í söfnin.

Innihald og uppbygging

Umfang og innihald: Dagbækur Jóhanns frá árunum 1885–1889 sem einnig innihalda minnispunkta og kveðskap. Nokkur bréf frá Jóhanni og eitt til hans. Einnig líkræða, erindi og annað smálegt.

Grisjun, eyðing og skráning:

¹ Samkvæmt grein um Jóhann í Óðni árið 1927 var hann fæddur árið 1851, en ættfræðigrunnurinn Íslendingabók segir hann fæddan 1850.

Engu hefur verið eytt.

Viðbætur:

Ekki er von á viðbótum.

Um aðgengi og not

Skilyrði er stjórnna aðgengi:

Safnið er opið.

Skilyrði er ráða endurgerð:

Samkvæmt reglum Landsbókasafns um ljósritun og myndun.

Tungumál:

Íslenska.

Leiðarvísar:

Enginn leiðarvísir fylgdi með safninu.

Tengt efni

Tengdar einingar:

Lbs 358 NF. Guðrún Jóhannsdóttir: Bréfasafn.

Útgáfuupplýsingar / Not:

Ekki er vitað um nein not.

Um lýsinguna

Athugasemdir skjalavarðar:

Halldóra Kristinsdóttir flokkaði og skráði í ágúst 2015.

Dagsetning lýsingar: Ágúst 2015.

Innihald

A. Dagbækur

Dagbók, 25. apríl 1886 – 7. mars 1887

Dagbók, 3. apríl 1887 – 6. maí 1888

Slitur úr dagbók, 1888–1889

B. Bréf

Bréf til Jóhanns frá Jóni Mýrdal (1825–1899), skáldi og tengdaföður Jóhanns (1).

Bréf frá Jóhanni til Kristjáns Jónssonar (1870–1956), bónda á Víðivöllum.

C. Annað

Stílabók með ljóðum.

Líkræða um Jóhann Einarsson

Erindi eftir Jóhann, flutt á Draflastöðum eftir aldamótin.